

## LISTIR

## Myndasögur í málverki

## MYNDLIST

Listasafn Reykjavíkur –  
Kjarvalsstaðir

MÁLVERK, LJÓSMYNDIR OG SKÚLPTÚR  
MARTIN BIGUM

Safnið er opið daglega frá kl. 10–17. Sýningunni lýkur 5. janúar.

Á KJARVALSSTÖÐUM stendur nú yfir sýning á verkum danska listamannsins Martin Bigum. Sýninguna nefnir hann „The Homecoming, Or: The World According to Art“, sem er eflaust tilvitnun í ævintýrlega skáldsögu John Irving, „The World According to Garp“. Á sýningunni eru aðallega málverk, en einnig er að finna ljósmyndir og einn skúlpúr á vegg sem virkar reyndar sem þrívíð mynd frekar en rýmisverk.

Bigum er nokkuð kunnur málarí af yngri kynslóð listamanna í Danmörku. Þeir sem sáu Carnegie-sýninguna í Gerðarsafni árið 2001 kunna að muna eftir verkum hans á þeirri sýningu, en þau verk eru einnig á meðal myndanna á Kjarvalsstöðum. Bigum er ekki menntaður í listaháskóla heldur kemur hann frá myndasögukúltúr. Hann starfaði sem teiknari hjá bandaríska myndasögublaðinu *MAD Magazine* en fékk ekki útrás fyrir listsköpun sína þar og hóf þá að mála á eigin forsendum og sýna í galleríum. Það er ekki óalgenget að listamenn með annan bakgrunn en akademíska myndlistarmenntun nái í gegn í listheiminum. Nærtækt dæmi er landi Bigums, Per Kirkeby, sem var jarðfræðingur áður en hann sneri sér að málverkinu og hefur menntun hans vafalaust sitt að segja um hvernig landslagið birtist í verkum hans. Nýjasta dæmið er Ron Mueck, einn af vinsælli myndlistarmönnum Breta í dag, en hann lærði brúðgerð og gerði brúður fyrir sjónvarpsþættina *Sesamy street*



Sjálfsmynd Bigum sem „Skugginn“ í ævintýri H.C. Andersen.

áður en hann fór að fást við frjálsa listsköpun. Þegar Bigum sneri sér að myndlistinni fyrir um 10–15 árum fór hann að velta fyrir sér stöðu myndlistar eins og hann sjálfur upplifði hana. Tók hann þá að tákngera myndlistina í skopmyndafígúru sem hann nefndi „Art“ og er þessi fígúra ríkjandi í verkum hans fram til ársins 2000. Art er klæddur grænum kuffi og ber ljá líkt og dauðinn hefur verið túlkaður gegnum tíðina. Art er þó sköndinn útlits og virðist yfirleitt vera í einhverjum vandræðum. Í seinni myndunum er Art oft að deyja. Hann er skotinn í bakkið, frosinn eða liggur á dánarbedi á spítalastofu. Má túlka það sem upplifun Bigum á myndlistinni en jafnframt má líta svo á að Bigum sé að drepa Art til að losa sig við hann úr myndlist sinni, sem hann svo gerði. Myndirnar eru dökkar og umhverfi oft

drungalegt sem hefur kannski með skandinavíska bakgrunn listamannsins að gera, sbr. muninn á Bigum og kollegum hans frá meginlandi Evrópu og Bandaríkjunum sem leita á sambærileg mið. Jafnvel í ljósmyndaröð sem hann tók í Tívoli Kaupmannahafnar kys hann að sýna okkur skemmtigarðinn þegar hann er lokaður að vetri til. Bigum er á þjóðlegum nótum í fleiri verkum en í Tívoli ljósmyndaröðinni. Verkið „Sjálfsmynd (sem H.C. Andersen: Skugginn)“ er tilvitnun í þekkt ævintýri Andersen sem fjallar um mann sem glatar skugga sínum. Þeir hittast aftur mörgum árum síðar og þá er skugginn orðinn einstaklingur. Athyglisvert er að Bigum skuli finna sjálfan sig í skugganum en ekki manninum, þ.e. sá sem týnist og í leit sinni að eiganda sínum finnur sjálfan sig. Má tengja það við leitina sem á sér stað í listsköpuninni og einnig við yfirskrift sýningarinnar „The Homecoming“ (Heimkoman), en „að koma heim“ er gjarnan notað þegar manneskja „finnur sjálfa sig“. Bigum heldur áfram að vinna með „skuggann“ í fleiri málverkum. Í verkinu „Skugginn (með blómum)“ er hann skyhmingarkappi og í „Hunter & the Hunted“ starir fjöldi af fólkskulegum skuggum á spegilmynd sína. Það síðarnefnda útfærir listamaðurinn bæði í málverki og ljósmynd og verð ég að segja að málverkið virkar mun sterkara á mig en ljósmyndin.

Sem listmálari lætur Bigum efnistök ekki tala fyrir tilfinningar sínar og upplifanir, heldur styðst hann við teiknimyndastíl og notar frásagnar-eiginleika mynda sérlega vel. Þrátt fyrir myndasögustílinn byggjast málverkin á persónulegri myndsköpun sem þó stendur áhorfendunum opin og á sinn hátt getur hann lesið í myndirnar og túlkað þær að vild.

Jón B.K. Ransu

## DAGSKRÁ

LAUGARDAGUR  
14. desember

LAUGAVEGUR 18

Kl. 11:00

Litlu jólin í barnaeildinni: Leiðindaskjóða kemur í heimsókn. Lesið úr sígildum jólabókum. Nemendur úr Tónskóla Sigursveins leika Kl. 14:00 - 14:30

Jón Baldvin áritar bók sína Tilhugalf

Tónleikar og áritanir

Kl. 14:00

Tómas R. Einarsson

Kl. 15:00

Stuðmenn

Kl. 20:30

KK leikur af Paradís og áritar diskinn

SÍÐUMÚLI 7

Kl. 13:00

KK leikur af Paradís og áritar diskinn

MJÓDD

Kl. 13:30

Hörður Torfa

SUNNUDAGUR  
15. desember

LAUGAVEGUR 18

Kl. 13:00 - 14:00

Guðjón Bergmann kynnir hvernig má ná hámarks-árangri í íþróttum með hjálp jóga

Tónleikar og áritanir

Kl. 13:30

Kristinn Sigmundsson og Jónas Ingimundarson

Kl. 14:30

Hólmfríður Jóhannesdóttir söngkona

Kl. 16:30

Björn Thoroddsen

HAMRABORG 5

Kl. 13:00 - 16:00

Íris Anita áritar bók sína Ekki segja frá

Kl. 16:00

KK leikur af Paradís og áritar diskinn

MJÓDD

Kl. 13:00

KK leikur af Paradís og áritar diskinn

SÍÐUMÚLI 7

Kl. 15:00

Hörður Torfa

## Karlmannleg gildi hopa fyrir hinum kvenlegu

„FALL Íkarusar“ heitir sýning sem nemendur við Listaháskóla Íslands opna hjá Sævari Karli í Bankastræti í dag, laugardag, kl. 16.

„Sýningin er þannig til komin að nemendur við Listaháskólann hafa verið á námskeiði hjá mér, sem heitir „Fall Íkarusar“, segir Halldór Björn Runólfsson lektor við skólann. „Námskeiðið fjallar um það fyr-



Svefn skynseminnar; verk eftir Elísabetu Olku.

irbæri í nútíma- og samtímalist, ef til vill á það við um allar listir, að stefnur koma fram með miklu og hetjulegu offorsi, en mýkjast svo

jafnharðan upp og leita óðar á dýptina. Þannig er jafnan ýtt úr vör með mikilli og hjartasýnni karlmennsku, sem jafnharðan snýst upp í fágada djúpköfun þegar Íkarus missir flugið, vængir hans bráðna, og hann steypist óhjálpslega í haf. Margt bendir til að svona hafi listirnar alltaf artað sig frá dögum Forn-Grikkja, eins og sjá má á þróun harmleiksins frá Æskilosi til Evripídesar.

Hugmyndina að sýningu áttu nemendur mínir í Listaháskólanum, á áður nefndu námskeiði „Fall Íkarusar“, sem jafnframt er heiti sýningarinnar, og eru þeir um 20 að tölu, ef mig misminnir ekki. Þeir hafa verið að kanna þessa þróun í samtímanum, einkum hvernig þetta snýr að kynjahugmyndunum, hinu karlmannlega og kvenlega. Þar virðist þetta koma berlega í ljós í því að hörkuleg, karlmannleg framsetning hrindir úr vör nýjum stefnum, en síðan tekur við mjúkleg, kvenleg, og margslungin úrvinnsla, sem flytur næstu kynslóðum kyndilinn.

Nemendurnir sýna hvers kyns verk í sýningasal Sævars Karls en jafnframt á öðrum stöðum í versluninni. Flest verkin munum þó vera málverk.


Sýningin stendur til 19. desember.

## Bjóðum tónlistarunnendur velkomna í verslun okkar


Landsins mesta úrval af klassískri tónlist.  
Hinn vinsæli útvarpsmaður Halldór Hauksson veitir faglega ráðgjöf.

Gott úrval af djassi, heimstónlist, rokki, raftónlist, reggi og hljómplötum.  
Öll íslenska jólaútgáfan

Mælum sérstaklega með tveimur diskum sem hlutu tilnefningar til íslensku tónlistarverðlaunanna 2002.



Jóhann Jóhannsson - Englabörn  
Gullfálleg strengjatonlist úr samnefndu leikriti. „...áhrifarík og býr yfir mikilli fegurð“. V.P. Mbl. 3.12. 2002.



Atli Heimir Sveinsson - Tíminn og vatnið - 2 cd. „Meistaraverk“. B.J. Mbl. 7.12. 2002.

Opið til kl. 22 alla daga til jóla  
Sendum í póstkrofu

12 Tónar

Skólavörðustíg 15 • Sími 511 5656

Góð skemmtun!

BOKA M BÚÐIR